



Hnotubrjóturinn

Kyiv Grand Ballet
Sinfóníuhljómsveit Íslands
Graduale Nobili



HARPA

Hnotubrjóturinn

Ballett í tveimur þáttum

Kyiv Grand Ballet
Sinfóníuhljómsveit Íslands
Graduale Nobili

Tónlist: Pyotr Ilyich Tchaikovsky

Danshöfundar: Marius Petipa og Valery Kovtun

Stjórnandi: Aleksandr Gosachinsky

Búningar og leikmynd: Malba Verbitskaya

Líbrettó: Marius Petipa

Ljósahönnun: Aivis Tucs

Aðaldansarar: Petra Conti og Viktor Tomashek





Ævintýrin gerast enn

Það er sunnudagurinn 18. desember, 1892.

Fólk streymir í Mariinsky leikhúsið í St. Pétursborg til að sjá heimsfrumsýningu á Hnotubrjótnum. Danshöfundurinn Marius Petipa hefur ásamt Lev Ivanov samið stutta ballettútfærslu við tónverk Pyotr Ilyich Tchaikovsky. Eftir sýninguna eru áhorfendur ekki allir á eitt sáttir við dansútfærsluna en hrífast af tónlistinni.

Tchaikovsky (1840–1893) samdi tónlistina út frá sögu E.T.A Hoffmanns sem skrifuð var 1816 og nefnist Hnotubrjóturinn og músakóngurinn. Tónverkið var eitt af síðustu verkum Tchaikovskys og var skrifað með ballett í huga. Verkið hlaut nafnið Hnotubrjóturinn og er eitt af frægustu tónverkum allra tíma.

Óteljandi uppfærslur hafa verið gerðar af Hnotubrjótnum, klassískar og samtímalegar. Flestir þekkja best klassísku söguna sem Petipa lagði drögin að, en hann hreifst af útgáfu franska rithöfundarins Alexandre Dumas, sem unnin var úr sögu Hoffmanns. Þar er Hnotubrjóturinn lítið ævintýri um stelpuna Marie sem dremmir á jólanótt að jólagjöfin hennar, hnotubrjóturinn, umbreytist í prins eftir að hafa unnið sjö höfða músakóng í bardaga. Saman fara þau í ævintýralegt og spennandi ferðalag þar sem þau sjá m.a. þjóðdansa frá ýmsum löndum.

Þótt megininntak sögunnar hafi haldist í flestum uppsetningum þá hafa danshöfundar einnig valið að vera nær sögu Hoffmanns, til dæmis Jörg Mannes sem leggur áherslu á litla sögu um tilurð Hnotubrjótsins í ævintýrinu og nefnir söguna Ævintýrið um hörðu hnetuna. Íslenski dansarinn Hildur Elín Ólafsdóttir tók m.a. þátt í uppfærslu Mannes árið 2009 í Óperuhúsinu í Hannover, þar sem hún hefur getið sér gott orð sem fastráðinn sólódansari til margra ára.



Aðrir danshöfundar hafa brotið upp hefðina og valið að setja Hnotubrjótinn í menningarlegt og sögulegt samhengi, jafnvel séð verkið frá uppeldislegu eða pólitísku sjónarhorni. Má nefna að gríski danshöfundurinn Konstantinos Rigos umskrifaði upprunalegu söguna árið 2010 og lét Marie vera unga gjafvaxta konu í undirfötum með villta rómantíska drauma sem faldir eru í saklausum leik hennar við hnotubrjótinn. Rigos leitast hér við að uppræta fallegu ballerínuhugmyndina af Marie og gerir hana að konu með drauma sem hafa mótast af uppeldi og umhverfi hennar.

Í útgáfu Graeme Murphy frá 1992 er Marie látin vera dansari í Ballet Russes sem verður innlyksa í Ástralíu í seinni heimsstyrjöldinni. Stríðinu á milli músanna og tindátanna sem Marie dremir er stillt upp sem raunverulegu stríði með ofbeldi í forgrunni.

Það sem nútímauppfærslurnar eiga sameiginlegt er að þær brjóta upp hefðirnar og hvetja áhorfandann til að líta á boðskap ævintýranna með gagnrýnum augum þar sem ævintýrin eru oft böðuð ljóma sem er fjarri veruleikanum. Aftur á móti mætti segja að þessi fallega fantasía sem fylgir ballettævintýrum fullnægi þörf fjölmargra áhorfenda sem kjósa að skynja feegurð ballettsins og láta hrífast úr hversdagslegu amstri tilverunnar um stundarsakir.

Frá miðri síðustu öld hafa vinsældir Hnotubrjótisins aukist gífurlega og er það hefð hjá stórum dansflokkum um allan heim að sýna Hnotubrjótinn um jólaleytið. Nærtækt dæmi er San Francisco ballettinn sem landi okkar Helgi Tómasson stjórnaði 1985–2022. Flokkurinn hefur lengi haft frumkvæði í sköpun stórra ballettverka og sýndi fyrstu bandarísku uppfærsluna á Hnotubrjótinum árið 1944.

Í desember 2004 frumsýndi Helgi sína eigin útgáfu af Hnotubrjótinum í War Memorial-óperuhúsinu í San Francisco þar sem ballettflokkurinn hefur aðsetur og fékk magnaðar viðtökur. Síðan þá hefur Hnotubrjótur Helga verið sýndur á hverju ári í desembermánuði í San Francisco. Helgi kaus að láta Hnotubrjótinn gerast í San Francisco um 1915.

Hnotubrjóturinn getur gerst næstum hvar sem er því ævintýrið er tímalaus draumur barns.





Árið 1977 var ein viðamesta sýning Þjóðleikhússins sett upp á stóra sviðinu undir stjórn danshöfundarins Yuri Chatal sem samdi sína útgáfu af Hnotubrjótnum. Ballettinn var þá sýndur í fyrsta skipti hérlendis með Helga Tómasson í aðalhlutverki á móti ballerínunni Önnu Aragno, ásamt fögru liði Íslenska dansflokksins og fjölmörgum nemendum Listdansskóla Þjóðleikhússins. Undirrituð, þá nemandi í Listdansskólanum, var svo lánsöm að dansa í Blómavalsinum og detta einnig óvænt inn í tedansinn sem var afar eftirminnilegt.

Ævintýri Hnotubrjótsins gerast enn og nýlega hefur dansflokkur í Suður-Afríku unnið að uppsetningu sem gerist í Kalahari eyðimörkinni, með tilheyrandi léttklæddum dönsurum í hitanum. Þá má einnig nefna að árið 2013 sameinuðu Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Point dansstúdíó krafta sína og sýndu Hnotubrjótinn í Hofi, menningarhúsi Akureyrar við góðar undirtektir.

Það er afar ánægjulegt að áhorfendur eigi þess kost að sjá klassíska uppfærslu af Hnotubrjótnum í Eldborg og það með fulltingi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hnotubrjóturinn er órjúfanlegur hluti jólahalds víða um heim og hver veit nema að hann verði það einnig á Íslandi framtíðarinnar.

Lára Stefánsdóttir danshöfundur

Söguþráður

Forleikur og 1. þáttur

Stahlbaum fjölskyldan heldur jólaboð á fallegu heimili sínu. Gestirnir koma í hús; uppábið fullorðið fólk, stúlkur sem tripla á tám og marserandi drengir. Börnin í Stahlbaum fjölskyldunni, Marie og Fritz, bíða þess óþolinmóð með hinum börnunum að gjafirnar undir jólatrénu verði opnaðar. Drosselmeyer er síðasti gesturinn sem ber að dyrum. Hann er með göngustaf, grímu og háan hatt og heldur á hnotubrjót sem bætist í gjafabunkann. Drosselmeyer er furðufugl. Hann er þeim gáfum gæddur að geta gefið leikföngum líf. Það gleður börnin en hræðir þau eilítið líka. Drosselmeyer tekur niður grímuna til þess að hræða ekki börnin og þá kemur í ljós að undir grímunni er enginn annar en guðfaðir þeirra Marie og Fritz.

Marie langar að leika sér með brúðurnar sínar en finnur þær hvergi. Einhver virðist hafa tekið þær og það hryggir Marie. Til þess að kæta hana lætur Drosselmeyer Marie hafa hnotubrjótinn. Hnotubrjóturinn er undarlegur og klaufalegur á svipinn og það finnst Marie fyndið.

Prakkarinn hann Fritz, bróðir Marie, brýtur óvart hnotubrjótinn. Marie er í öngum sínum. Hún tekur hnotubrjótinn í fang sér og vaggar honum í svefn. Fritz og hinir strákar setja upp músagrímur og ákveða að stríða Marie. Það fer að kvöldi og gestirnir dansa hefðardansa fram á nótt, en halda svo heim á leið.

Það er komin nótt. Jólatréð stendur í rökkvaðri stofunni og tunglsljósið skín inn um gluggann. Eitthvað dularfullt og töfrum

slungið liggur í loftinu. Marie læðist aftur inn í stofuna og heldur utan um hnotubrjótinn brotna. Á þeirri stundu kemur Drosselmeyer inn. Nú er hann ekki hinn góði guðfaðir heldur hefur hann breyst í töframann. Drosselmeyer veifar hendi og allt umbreytist! Veggirnir færast til og jólatréð fer að vaxa. Dúkkur og tindátar lifna við. Jólatréð verður allt í einu þakið glitrandi snjó!

Skyndilega ryðst inn flokkur músa. Flokkinn leiðir músakonungurinn. Hnotubrjóturinn leiðir tindátana móti músunum og tindátarnir og mýsnar berjast. Flokkarnir tveir berjast í nokkurn tíma og að lokum standa músakonungurinn og hnotubrjóturinn tveir eftir. Þeir ætla að berjast til dauða. Marie fylgist með stríðinu af hliðarlínunni og líst ekki á blikuna þegar mýsnar ná yfirhöndinni. Hún grípur stærðarinnar kertastjaka og kastar honum í átt að músakonunginum. Músakonungurinn flýr í ofvæni og músaflokkurinn hleypur á eftir honum.

Tindátaflokkurinn fagnar sigri. Þeir lyfta Marie upp á herðar sér og bera hana til hnotubrjótisins. Þá fer andlit hnotubrjótisins skyndilega að breytast; hann umbreytist úr gömlum og yggldum spýtukarli í myndarlegan og raunverulegan prins. Veggir hússins hverfa. Marie og öll leikföngin standa skyndilega undir opnum stjörnuhimni. Snjókorin falla hægt af himnum ofan og svífa glitrandi til jarðar. Það geislar af jólatrénu og nóttin er töfrum slungin.

Hlé





2. þáttur

Marie og prinsinn standa hamingjusöm undir stjörnuhimninum. Þá kemur músakonungurinn skyndilega að og ræðst að prinsinum. Prinsinn berst hetjulega og hefur yfirhöndina. Leikföngin fagna sigrinum í mikilli gleði. Marie og prinsinn eru sæl á ný.

Leikfangabrúður frá ýmsum heimshornum koma til Marie og þakka henni lífsbjörgina. Spænsku brúðurnar dansa ástríðufullan elddans. Á eftir þeim koma framandi indverskar brúður og kínverskar fylgja í kjölfarið með stórbrotin stökk og loks þjóðlegur dans fjárhirðanna. Í lokin dansa allar brúðurnar saman til að fagna Marie og prinsinum hennar góða.

Drosselmeyer birtist. Hann töfrar fram dísir og hirðsveina. Allir dansa og undirbúa konunglegt brúðkaup þeirra Marie og prinsins. Í brúðkaupsveislunni dansar parið gleðidans og tjáir ást sína með tilfinningaríkum og þokkafullum hreyfingum. Hamingjan svífur yfir.

En, ó, þetta var allt saman draumur! Marie vaknar með hnotubrjótinn í fangi sér. Hún er í stofunni heima. Hún horfir á hnotubrjótinn og rifjar upp fallegar minningar og drauma liðinnar jólanætur.





Pyotr Ilyich Tchaikovsky

Pyotr Ilyich Tchaikovsky (7. maí 1840 – 6. nóvember 1893) var rússneskt tónskáld sem skildi eftir sig mikinn fjölda tónverka, þar á meðal sinfóniur, konserta, óperur, balletta og kammertónlist. Sum verkin eru meðal vinsælustu tónverka sem samin hafa verið.

Tchaikovsky var fyrsta tónskáldið í sögu Rússa sem náði alþjóðlegum vinsældum og viðurkenningu. Það veitti honum tækifæri til þess að taka að sér hljómsveitarstjórn í Evrópu og Bandaríkjunum á síðari hluta ferilsins. Hann hélt t.d. um sprotann þegar Carnegie Hall í New York var vígð árið 1891.

Árið 1884 fékk Tchaikovsky heiðurstign Alexanders III, keisara og hlaut heiðurslaun til lífstíðar stuttu síðar.

Þrátt fyrir mikla velgengi var líf Tchaikovsky honum erfitt. Hann leyndi í áratugi samkynhneigð sinni, sem án efa hefur tekið á tónskáldið. Tchaikovsky lést skyndilega aðeins 53 ára að aldri, að öllum líkindum úr kóleru.





Victor Marius Alphonse Petipa

Victor Marius Alphonse Petipa (11. mars 1818 – 14. júlí 1910) var franskur ballettdansari, kennari og danshöfundur.

Hann er af mörgum talinn áhrifamesti ballettkennari og danshöfundur síns tíma. Petipa starfaði til langs tíma, frá 1871 til 1903, við konunglegu leikhúsin í St. Pétursborg.

Hann skildi eftir sig yfir fimmtíu balletta sem margir hverjir eru dansaðir enn í dag, í upprunalegri eða endurskoðaðri mynd. Meðal þeirra eru The Pharaoh's Daughter (1862); Don Quixote (1869); La Bayadère

(1877); Le Talisman (1889); Þyrnirós (1890); Hnotubrjóturinn (1892); Le Réveil de Flore (1894); La Halte de cavalerie (1896); Raymonda (1898); Les Saisons (1900) og Les Millions d'Arlequin (1900).

Petipa endurskoðaði auk þess fjölda verka annarra danshöfunda. Útfærslur Petipa hafa orðið langlífar og verk hans teljast mörg meðal hornsteina ballettsögunnar.



Kyiv Grand Ballet

Kyiv Grand Ballet er leiðandi klassískur ballettflokkur frá Úkraínu, stofnaður árið 2014 af Alexander Stoyanov, fyrrum aðal-dansara Þjóðaróperunnar og ballettsins í Úkraínu.

Dansarar ballettflokksins heilla áhorfendur með fíngerðri tækni, léttleika og mikilli innlifun. Aðaldansararnir Petra Conti og Viktor Tomashek eru margverðlaunuð og með glæstan feril í ballettheiminum. Kyiv Grand Ballet hefur ferðast með sýningar sínar víða og hefur þegar sigrað hjórtu áhorfenda um allan heim; í Bandaríkjunum, Frakklandi, Hollandi, Belgíu, Póllandi, Noregi, Svíþjóð, Kína, á Spáni og Nýja-Sjálandi og mörgum öðrum löndum.

Flokkurinn er mjög eftirsóttur í dag enda segir stofnandi ballettflokksins: „Ballett er tungumál heimsins, hann þekkir engin landamæri“. Aðspurður um hvort það sé viðeigandi að flytja verk eftir eitt af virtustu tónskáldum Rússlands segir Alexander Stoyanov: „Eins og Shakespeare, þá tilheyrir Tchaikovsky öllu mannkyninu.“

Á efnisskrá Kyiv Grand Ballet er fjölbreytt úrval klassískra verka, þar á meðal Svanavatnið, Hnotubrjóturinn, Rómeó og Júlía, Giselle, Don Kíkóti, Mjallhvít, Carmen Suite og nútímaballettar Children of the Night og Touch of Illusion. Listrænn stjórnandi ballettflokksins er Dmytro Chebotar, fyrrum dansari Þjóðaróperunnar og ballettsins í Úkraínu. Sviðsmyndin og búningarnir eru hannaðir af leiðandi leikmynda- og búningahönnuðum Óperunnar í Úkraínu.



Aðaldansarar



Petra Conti er margverðlaunaður og alþjóðlega þekktur aðaldansari. Á meðal verðlauna og viðurkenninga sem hún hefur hlotið eru Glamour Talent Awards 2018, Positano verðlaunin 2018 og 2007, Danza e Danza sem besti dansari ársins 2011 og 2012, Ciocciaria verðlaunin 2013 og Capri verðlaunin 2017. Hún var útnefnd Prima Ballerina í La Scala árið 2011.

Petra Conti hefur dansað á mörgum af virtustu sviðum heims, þar á meðal í Bolshoi-, Koch- og Dolby leikhúsunum, Kennedy Center, leikvanginum í Verona og í óperuhúsum í Havana, Kiev, Toronto, Montreal, Róm, Tirana, Muscat, Rio de Janeiro og Sao Paulo.

Petra Conti sigraðist á krabbameini árið 2016 og hefur nýtt dansinn og stöðu sína til þess að safna fyrir krabbameinssjúk börn alla tíð síðan. Hún hefur safnað á þriðju milljón króna með því að selja notaða ballettskó sína til aðdáenda.

Viktor Tomashek útskrifaðist árið 2008 frá The State Choreographic School í Kiyv. Hann fékk ráðningu í The National Opera and Ballet Teater í Kyiv og síðar fékk hann boð um stöðu í Þjóðleikhúsinu í Donetsk. Vegna stríðsástandsins sem var á því svæði árið 2014 þurfti hann að hverfa frá því starfi og fékk stöðu í Þjóðleikhúsinu í Odessa. Viktor Tomashek var þátttakandi í sjónvarpsþættinum World of Dance Ukraine sem þurfti að hætta þegar stríðið braust út.

Á hverju ári ferðast Viktor um heiminn til að dansa og hefur verið í stórum hlutverkum á mörgum af bestu sviðum Frakklands, Þýskalands, Ítalíu, Sviss, Hollands, Svíþjóðar, Búlgaríu og Kína svo eitthvað sé nefnt.



Aleksandr Gosachinsky

Stjórnandi

Aleksandr Gosachinsky er fæddur 13. mars 1983 í borginni Sukhodolsk í Lúgansk héraði, inn í mikla tónlistarfjölskyldu. Móðir hans, Gosachinskaya Nadezhda Nikolaevna, er sellóleikari og faðir hans, Gosachinsky Sergey Sergeevich, er þekktur hljómsveitarstjóri.

Aleksandr hefur hlotið fjölmörg verðlaun, t.d. í Augustin Procházka keppninni í Slóvakíu 1998 og árið 2002 hlaut hann verðlaun í Alþjóðlegu Lysneko keppninni fyrir sellóleik. Árið 2003 hóf hann störf sem sellóleikari í virtum kammertónlistarhópi á vegum National House of Organ and Chamber Music og starfaði með hópnunum í fjórtán ár.

Aleksandr útskrifaðist árið 2006 frá Kiev National Music Academy of Ukraine og byrjaði sama ár að vinna í Þjóðaróperu Úkraínu sem sellóleikari en menntaði sig svo enn frekar í hljómsveitarstjórn í sama skóla árið 2014 og tók síðan við stöðu stjórnanda í Þjóðaróperunni þar sem hann starfar enn í dag.



Árið 2016 stofnaði Aleksandr Gos-hljóm-sveitina, sem sérhæfir sig í að flytja vinsæla klassíska tónlist. Frá 2018 hefur hann einnig stjórnað símfóníuhljómsveit R.M. Glier Kyiv Municipal Academy of Music og verið aðalstjórnandi kammersveitar skólans. Aleksander var einnig um tíma í starfsnámi hjá símfóníuhljómsveit Bolshoi-leikhússins og hinum nafntogaða stjórnanda V.I. Fedoseev.

Aleksandr hefur sem gestastjórnandi ferðast um Úkraínu, Pólland og Rússland með óperuna Iolanta og ballettana Hnotubrjótinn og Carmen Suite.





Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð vorið 1950 og hefur um árabíl verið í fremstu röð sífóníuhljómsveita á Norðurlöndum. Hljómsveitin hefur fengið afbragðsdóma jafnt fyrir hljóðritanir sínar og tónleika heima og erlendis. Vorið 2011 varð Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Fullyrða má að eftir það hafi Sinfóníuhljómsveitin blómstrað sem aldrei fyrr.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur átt samstarf við ellefu aðalhljómsveitarstjóra: Olav Kielland, Bohdan Wodiczko, Karsten Andersen, Jean-Pierre Jacquillat, Petri Sakari, Osmo Vänskä, Rico Saccani, Rumon Gamba, Ilan Volkov, Yan Pascal Tortelier og Evu Ollikainen. Vladimir Ashkenazy er aðalheiðursstjórnandi hljómsveitarinnar.

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur tæplega 100 fjölbreytta tónleika á hverju starfsári. Fjöldi heimspekktra hljómsveitarstjóra, einleikara og einsöngvara koma reglulega fram með hljómsveitinni. Má þar t.d. nefna Evgeny Kissin, Hilary Hahn, Jonas Kaufmann, Víking Heiðar Ólafsson og Barbara Hannigan.

Hljómsveitin efnir reglulega til samstarfs við listamenn úr öllum geirum íslensks menningarlífs og hikar ekki við að feta ókunnar slóðir. Meðal þeirra sem hafa komið fram með hljómsveitinni síðustu ár eru Björk, John Grant, Emiliana Torrini, Skálmöld, Laufey, San Francisco ballettinn og Íslenski dansflokkurinn.



Hljómsveitin er stolt af metnaðarfullu fræðslustarfi sínu en árlega sækja þúsundir skólabarna á öllum aldri hljómsveitina heim og er sérstök tónleikaröð helguð ungum áheyrendum. Hljómsveitin stendur einnig fyrir margvíslegum verkefnum til að leiða tónlistar-nema inn í heim atvinnufólks. Má þar nefna Ungsveit SÍ, keppni ungra einleikara og akademíu fyrir unga hljómsveitarstjóra.

Flestir tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands fara fram í Hörpu en tónlistin hljómar einnig víða utan tónleikasalarins. Hljómsveitin fer reglulega í tónleikaferðir innanlands sem utan og tónleikum sveitarinnar er útvarpað beint í Ríkisútvarpinu og mörgum þeirra er einnig sjónvarpað eða streymt á netinu. Hljómsveitin hljóðritar reglulega fyrir innlend og erlend útgáfufyrirtæki og hefur hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga, m.a. tvær tilnefningar til Grammy-verðlauna fyrir besta hljómsveitarflutning.

Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur nú í annað sinn með Kyiv Grand Ballet frá Úkraínu.



Graduale Nobili

Graduale Nobili var stofnaður um aldamótin af Jóni Stefánssyni organista og tónlistarfrömuði í Langholtskirkju og hefur skipað sér sess meðal farsælustu kóra Íslands. Kórinn skipa 24 meðlimir á aldrinum 18-30 ára. Frægdarsól kórsins hefur risið hratt að undanfögnu og kórinn hefur meðal annars sungið á tónleikaferðalagi með Björk Guðmundsdóttur auk þess að starfa með öðrum heimsþekktum tónlistarmönnum á borð við hljómsveitina Fleet Foxes. Graduale Nobili gaf nýlega út plötuna Vökuró með 16 íslenskum kórverkum, nýjum og sígildum perlum. Kórstjóri Graduale Nobili er Sunna Karen Einarsdóttir.



Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Lin Wei
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Ingrid Karlsdóttir
Þórdís Stross
Justyna Bidler
Margrét Þorsteinsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Porfiris
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson

Flauta

Astrid Bjelland
Kristín Ýr Jónsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Joseph Ognibene
Maximilian Riefellner
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Elísabet Waage

Selesta

Elena Postumi

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Frank Aarnink
Eggert Pálsson





Gefðu ávísun á góðar stundir

Gjafakort Hörpu er skemmtileg jólagjöf. Kortið gildir í þrjú ár á alla viðburði í Hörpu. Dagskráin er fjölbreytt og tryggt að öll finna eitthvað við sitt hæfi til að njóta.

Kortin koma í fallegri gjafaöskju.

Gefandinn velur upphæðina.





Heimsviðburður í Hörpu

BAMBERG SINFÓNÍAN

ásamt Hélène Grimaud undir stjórn Jakub Hrůša
í Eldborg 20. apríl 2024

Ein fremsta símfóníuhljómsveit Þýskalands, **Bamberg símfónían**, kemur fram í fyrsta sinn á Íslandi í Hörpu laugardaginn 20. apríl 2024.

Hljómsveitarstjóri er hinn tékkneski **Jakub Hrůša** og einleikari **Hélène Grimaud**, margverðlaunaður franskur píanóleikari.

Efnisskráin er vafalítið sérstakt ánægjuefni fyrir unnendur tónlistar Richards Wagner því á tónleikunum flytur hljómsveitin prelúdíu úr fyrsta þætti Lohengrin og Tannhäuser-forleikinn. Einnig verða flutt verk eftir tvo samtímamenn Wagners, Símfónía nr. 3 eftir Johannes Brahms og píanókonsert Roberts Schumann í flutningi Hélène Grimaud.

Miðasala er hafin á harpa.is/bamberg

Harpa.is





HARPA